

Styrktarumsókn vegna sirkussýninga

Heiti verkefnis: Sumarsýning Hringleiks 2021

Ábyrgðarmaður verkefnis: Daníel Sigríðarson

Kennitala: 1107903849

Email: Daniel@hringleikur.is

Sími: 6926496

Um Hringleik:

Sirkuslistafélagið Hringleikur var stofnað árið 2018 af hópi reyndra sirkuslistamanna og kvenna með það markmið að efla sirkusmenningu á Íslandi.

Við setjum upp sirkussýningar og kennum sirkus, við reynum að fara sem víðast um landið með verkefni okkar og bjóða upp á gæði í því sem við gerum.

Kennitala Hringleiks: 6205182980

Lýsing verkefnis:

Í sumar mun sirkuslistafélagið Hringleikur setja upp sirkussýningar utandyra og við viljum endilega koma til ykkar í júlí.

Um er að ræða skemmtilega sjö manna sirkussýningu sem inniheldur djögg, akrobátík og loftfímleika, svo eitthvað sé nefnt.

Við erum að sækja um styrk upp á 300.000kr sem getur verið fyrir annaðhvort staka fullgreidda sýning þar sem áhorfendur greiða ekki neitt eða sem styrkur til að koma á móts við fjárhagsáhættuna að setja upp sýningu og við myndum hafa nokkrar sýningar með miðasölu þar sem miðinn kostar 2.990kr

Sýningin var útbúin í samstarfi við Reykjavíkurborg í fyrra til þess að vera covid-væn. Við erum að uppfæra og bæta sýninguna fyrir sumarið og stefnum á að fara sem víðast og sýna sem flestum.

Hér er hægt að sjá kynningarmyndband frá sýningunni í fyrra.

https://drive.google.com/file/d/1XicF669_L_LCwpN6bQ_1U4piwhEfzU6C/view?usp=sharing

Styrkuppðæð sem sótt er um: 300.000kr

Kostnaðaráætlun:

Við ætlumst þess að borga listamönnum 40k á mann per sýningu og viljum helst sýna 5 sinnum með þeim möguleika að bæta við sýningum.

Miðasölutekjur, m.v. almennt miðaverð = 2.990kr.

Áætlum að selja 100 miða á hverja sýningu og innkoma væri þá 299.000kr. á hverja sýningu.

Erum búin að fjárfesta í öllum búnaði sem við þurfum í þetta verkefni sem er 1.200.000kr. virði.

Auglýsingakostnaður 15.000kr fyrir hverja sýningu.

Leiga á hljóðbúnaði 7.000kr fyrir hverja sýningu.